



Jafnréttisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps

2019 - 2023

1. Tilgangur

Samkvæmt 12. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla skulu sveitarfélög skipa jafnréttisnefndir og ber þeim meðal annars að móta jafnréttisstefnu sveitarfélagsins til fjögurra ára í senn. Markmið jafnréttisáætlunar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum karla og kvenna og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Jafnréttisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps er byggð á framangreindum lögum og skal ný og endurskoðuð áætlun lögð fyrir til samþykktar í sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

2. Jafnréttisnefnd

Félagsmálanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni jafnréttisnefndar sveitarfélagsins í samræmi við það hlutverk sem skilgreint í 12 gr. laga nr. 10/2008. Nefndin skal fjalla um jafnrétti kvenna og karla innan Svalbarðsstrandarhrepps og vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kynjanna. Nefndin skal jafnframt fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu kvenna og karla í Svalbarðsstrandarhreppi. Félagsmálanefnd skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar til fjögurra ára í senn.

3. Stefna

Jafnréttisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps er ætlað að koma öllum íbúum sveitarfélagsins til góða. Með henni vill sveitarstjórn tryggja að starfsemi og stofnanir á vegum sveitarfélagsins verði til fyrirmyndar í að skapa vinnuskilyrði og umhverfi sem stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna á vinnustað. Auk þess skal tryggja sem jafnast hlutfall karla og kvenna við skipun í nefndir og aðrar ábyrgðarstöður innan sveitarfélagsins og stofnana þess.

4. Markmið

Það er markmið Svalbarðsstrandarhrepps að innan stjórnslu og stofnana sveitarfélagsins, auk allrar starfsemi á vegum sveitarfélagsins, sé ætíð tryggt að í öllum athöfnum og ákvarðanatöku sé unnið samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

4.1 Launajafnrétti

Konum og körlum er starfa hjá Svalbarðsstrandarhreppi og stofnunum sveitarfélagsins skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. (tilv. 19. gr. 10/2008)

4.2 Laus störf

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum. Markvisst skal unnið að því að störf flokkist ekki undir sérstök kvenna- eða karlastörf og gætt að kynjasambættingu m.a. með því að skoða hvernig starfslýsingar eru orðaðar. (tilv. 20. gr. 10/2008)



4.3 Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf. (tilv. 20. gr. 10/2008)

4.4 Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. (tilv. 21. gr. 10/2008)

4.5 Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Sveitarstjóri og yfirmenn stofnana sveitarfélagsins skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemendur, þjónustuþegar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum. (tilv. 22. gr. 10/2008)

4.6 Kynjasambætting

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess. Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal í þróta- og tólmstundastarfi. (tilv. 23. gr. 10/2008)

4.7 Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir innan sveitarfélagsins og stofnana þess skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri fulltrúa en þrjá er að ræða. (tilv. 15. Gr. 10/2008)

5. Aðgerðaráætlun

Eftirfarandi er aðgerðaráætlun til þess að stuðla að því að sveitarfélagið og stofnanir þess uppfylli markmið og skilgreiningar þeirra samkvæmt kafla 4.

5.1 Launajafnrétti (4.1)

Árleg greining skal gerð á launum og fríðindum starfsmanna ásamt tölfræðilegri samantekt. Leiðréttu laun og fríðindi ef óútskýranlegur munur er á.

- Ábyrgð: Forstöðumenn með aðstoð sveitarstjóra.
- Tímarammi: 1. janúar – 30. apríl.

5.2 Laus störf (4.2)

Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar. Ef ójafnvægi er innan starfsgreinar er minnihlutahópur hvattur til að sækja sérstaklega um.

- Ábyrgð: Forstöðumenn ásamt sveitarstjóra.
- Tímarammi: Úttekt lokið 1. febrúar 2020.

5.3 Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (4.3)

Árleg greining á sókn kvenna og karla í sambærilegum störfum í endurmenntunarnámskeið og í starfsþjálfun. Ef ójafnvægi er til staðar, þarf að greina hverjar ástæðurnar eru og gera úrbótaáætlun ef þörf er.



- Ábyrgð: Forstöðumenn stofnana skila upplýsingum árlega.
- Tímarammi: Lokið í desember ár hvert.

5.4 Samræming fjölskyldu og atvinnulífs (4.4)

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu hvetja bæði kynin til þess að nýta fæðingarorlof og hvetja foreldra til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna. Gerð verður úttekt á meðal starfsfólks sveitarfélagsins á samræmingu starfs og einkalífs, töku fæðingarorlofs og heimaveru vegna veikinda barna. Ef ójafnvægi er til staðar, þarf að greina hverjar ástæðurnar eru og gera úrbótaáætlun ef þörf er.

- Ábyrgð: Forstöðumenn stofnana, ásamt sveitarstjóra.
- Tímarammi: Könnun gerð á hausti 2019 og niðurstöður liggja fyrir í árslok 2019. Kannanir unnar til samanburðar á fyrsta gildisári nýrrar jafnréttisáætlunar (2023/2027...). Félagsmálanefnd ákveði aðgerðir í kjölfar niðurstöðu.

5.5 Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni (4.5)

Útbúa skal forvarnaráætlun og fræðslu gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni og kynferðislegri áreitni. Markmið Svalbarðsstrandarhrepps er að koma í veg fyrir slíka framkomu á vinnustöðum sveitarfélagsins, stofnana þess og annarrar starfsemi á vegum sveitarfélagsins.

- Ábyrgð: Sveitarstjóri í samvinnu við forstöðumenn stofnana.
- Tímarammi: Forvarnaráætlun tilbúin 31. desember 2020.

5.6 Kynjasambætting (4.6)

Ávallt skal velta upp þeirri spurningu hvort ákvörðun eða stefna geti falið í sér að kynjunum sé mismunað á einhvern hátt. Þetta á við um stefnumótandi áætlanagerðir, skipulagningu og ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins, stofnana og annarrar starfsemi á vegum þess. Útbúa á og standa skal að kynningu fyrir sveitarstjórn, nefndir sveitarfélagsins, forstöðumenn stofnana og formanna félagsamtaka sem þiggja styrki frá sveitarfélaginu.

- Ábyrgð á kynningu: Sveitarstjóri.
- Tímarammi: Kynningum verði lokið 31. mars 2020.
- Ábyrgð á framkvæmd: Sveitarstjóri, forstöðumenn og nefndarformenn.
- Tímarammi: Tekur gildi nú þegar.

5.7 Þátttaka í nefndum og ráðum (4.7)

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Svalbarðsstrandarhrepps skal gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og leitast við að það sé ekki undir 40% þegar um fleiri en 3 fulltrúa er að ræða. Leitast skal við að kynjahlutfall við formennsku í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess sé ekki undir 40%. Gera skal könnun á núverandi stöðu og svo að lágmarki á fjögurra ára fresti.

- Ábyrgð á könnun: Sveitarstjóri.
- Tímarammi: Fyrstu könnun lokið 31. desember 2019.
- Ábyrgð á framkvæmd: Oddviti ásamt sveitarstjórn.

6. Eftirfylgni

Sveitarstjóri ber stjórnunarlega ábyrgð á að aðgerðaráætlun sé framfylgt til að stuðla að því að markmiðum verði náð.

- Á tveggja ára fresti skal félagsmálanefnd yfirfara niðurstöðu allra verkefna í aðgerðaráætlun. Niðurstöður, jákvæðar jafnt sem neikvæðar, skulu kynntar sveitarstjórn, forstöðumönnum og starfsmönnum sveitarfélagsins eins og við á.
 - Ábyrgð: Formaður félagsmálanefndar.



- Skoða þarf hvort jafnréttisáætlunin sé að skila tilætluðum árangri.
 - Ábyrgð: Félagsmálanefnd.
- Endurskoða skal markmið og tryggja að þau séu í samræmi við þróun og starfsemi sveitarfélagsins og stofnana þess.
 - Ábyrgð: Félagsmálanefnd í samvinnu við sveitarstjóra.
- Endurskoða og uppfæra þarf jafnréttisáætlun að lágmarki á 4. ára fresti í kjölfar sveitarstjórnakosninga og skipun nýrrar félagsmálanefndar.
 - Ábyrgð: Formaður félagsmálanefndar.

Samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 13.08.2019.

Jafnframt fellur úr gildi jafnréttisáætlun sem samþykkt var í sveitarstjórn 09. febrúar 2010.